

3.11.1972

Landsfundur Kvinnalistsans vill að allt vinnufært fólk án atvinnu fái óskertar atvinnuleysisbætur:

Kvinnalístakonur sammála um að vera áfram ósammála

Miklar umræður urðu um Evrópskt efnahagssvæði á landsfundi Kvinnalistsans, sem haldinn var um helgina á Laugarvatni. Niðurstaðan varð að Kvinnalístinn er áfram andsnúinn EES-samningnum, en viðurkennt er að um þessa afstöðu sé ekki eining innan Kvinnalistsans. Talsverð umræða varð um lýðræði innan hreyfingarinnar og kom fram gagnrýni á þingkonur hennar og eins var sú fullyrðing sett fram að Kvinnalístinn væri orðinn stofnun.

Í ályktun Kvinnalistsans um afstöðuna til EES er ítrekuð andstaða listans við EES og EB, en jafnframt kemur skýrt fram að um þessa stefnu séu deildar meiningar innan Kvinnalistsans. Konurnar eru hins vegar sammála um að krefjast þjóðaratkvæðis um EES-samninginn. Ekki voru greidd atkvæði um ályktunina. Um hana var rætt þangað til niðurstaða var fengin.

„Þetta er niðurstaða sem ég held að við allar sættum okkur við. Ég ætla hins vegar ekki að halda því fram að við séum allar ánægðar með hana. Það er einu sinni þannig þegar um er

að ræða deilumál, að þá verðum við að komast að sameiginlegri niðurstöðu og það tókst,“ sagði Kristín Einarsdóttir, þingkona Kvinnalistsans.

Kristín sagði að Kvinnalístakonur séu sammála um að Ingibjörg Sólrún hafi fullt leyfi til að hafa sína skoðun á EES. Kristín sagðist t.d. vera ákveðið þeirrar skoðunar að hún eigi að fá að hafa þessa skoðun, en tók jafnframt fram að hún væri ósammála henni.

Á fundinum kom fram gagnrýni á þingkonur Kvinnalistsans fyrir að taka sjálfar allar ákvarðanir. Sú skoð-

un heyrðist að Kvinnalístinn væri ekki lengur grasrótarhreyfing, heldur miklu frekar stofnun. Kristín sagði að þessi gagnrýni væri ekki ný af nálinni. Hún hefði sjálf borið fram slíka gagnrýni áður en hún settist á þing. Kristín sagði nauðsynlegt að konur leitist stöðugt við að hafa sem mest lýðræði í hreyfingunni. „Það er auðvitað spurning hver eigi að taka ákvarðanir í svona hreyfingu. Það kemur oftast í hlut okkar þingkvennanna. Við vildum auðvitað helst hafa hóp kvenna í kringum okkur í hvert skipti sem ákvörðun er tekin.“ Kristín sagði að konur í Kvinnalistanum vilji ekki setja á stofn einhverja miðstjórn sem taki ákvörðun með atkvæðagreiðslu. „Við viljum helst hafa hreyfinguna þannig að hún sé opin og allir geti komið og sagt álit sitt. En það má segja að í staðinn verði það oft þannig að það finni sig ekkert margar konur knúnar til að mæta,

nema þá við ákveðin tækifæri,“ sagði Kristín. Hún sagðist ekki líta svo á að Kvinnalístinn sé stofnun eða hefðbundinn stjórnmalaflokkur.

Miklar umræður urðu um atvinnumál á landsfundinum. Konur voru sammála um að koma verði í veg fyrir að konur verði meðhöndlaðar sem varavinnuafli og að þeim verði ýtt út af vinnumarkaðinum þegar að kreppir. Minnt var á að erlendar rannsóknir sýni að konur séu fyrstar til að missa vinnuna þegar að kreppir og síðastar til að fá vinnu. Í ályktun um atvinnumál var hvatt til að rannsóknar- og þróunarstarf verði stór- aukið, endurmenntunarkerfi verði bætt og atvinnuþróunarfélög verði efl. Fundurinn taldi að núverandi atvinnuleysistryggingakerfi sé ófært um að sinna hlutverki sínu. Allt vinnufært fólk án atvinnu eigi að fá óskertar atvinnuleysisbætur.